

Dalabyggð  
Hlynur Torfi Torfason  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík, 10. apríl 2024  
UST202404-026/A.B.  
10.04.02

## Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 vegna Ólafsdals

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 2. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020-2032 vegna Ólafsdals.

Í greinargerð kemur fram að affpreyingar- og ferðamannasvæði AF-10 Ólafsdalur verður breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu VP-18 Ólafsdalur. Skipulagssvæðið stækkar lítillega og verður lítið svæði skilgreint á Ólafsdalseyrum sem verður hluti af VP-18.

### Gróður og vatn

Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir framkvæmdum á áreyrum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins. Ef tillagan gerir ráð fyrir raski á árbakka og í ánni þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á þessa þætti.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson  
**sérfræðingur**